Nd. **889. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar i hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit heflr öðlast rjett til þess að flytja hann, samkvæmt 69. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður eigi fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir i 3. málsgrein 53. greinar.